

# Dreifibréf BSRB

Nr. 4 - 2. árg.


Apríl 2006

## Erlent vinnuafli

Á síðustu árum hefur íslenskur vinnumarkaður opnast í auknum mæli fyrir útlandu vinnuafli. Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan svæðisins árið 1993 voru hömlur á för launafólks milli landa EES að mestu afnumdar. Fyrir þann tíma höfðu verið í gildi reglur um sameiginlegan vinnumarkað Norðurlandanna sem fólu í sér að tiltölulega auðvelt var fyrir íbúanna að flytjast á milli þeirra og stunda atvinnu. 1. maí 2004 var aðildarríkjum Evrópusambandsins fjölgað og Evrópska efnahagssvæðið þar með stækkað. Vegna þessara breytinga þótti nauðsynlegt að gera sérstakan fyrirvara um frelsi launafólks frá nýjum aðildarríkjum til flutninga innan svæðisins. Ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins var heimilað að beita aðlögunarákvæðum varðandi frjálsa för launafólks frá Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Póllandi, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklandi og Ungverjalandi í allt að sjö ár. Hvert aðildarríki gat þar með ákveðið hvaða reglur mundu gilda fyrstu tvö árin en að þeim liðnum urðu ríkin að taka ákvörðun um hvort þau vildu lengja aðlögunartímann um þrjú ár til viðbótar, til ársins 2009. Eftir það gátu ríkin óskað eftir tveggja ára aðlögunartíma til viðbótar ef rök væru til þess að frjáls för launafólks myndi hafa alvarlega röskun á vinnumarkaði í för með sér. Líkt og flestar þjóðir ESB nýttu Íslendingar sér aðlögunarfrestinn fyrstu tvö árin eða til maí 2006. Á árinu 2006 ákváðu íslensk stjórnvöld að framlengja ekki frestinn frekar en árið áður hafði verið slakað verulega á margvíslegum skjalakröfum gagnvart íbúum nýju aðildarríkjanna til frjálsra ferða.

HLUTFALL ERLENDRA RÍKISBORGARA Á ÍSLENSKUM VINNUMARKAÐI AF HEILDARVINNUAFLI

MYND 1



Heimild: Hagstofa Íslands, Vinnuálastofnun. Tölur fyrir árið 2006 eru áætlaðar. Byggja á uppsöfnuðum tölum Vinnuálastofnunar en miðast við hlutföll og forsendur ársins 2005.


Mikil aukning hefur orðið á erlendum ríkisborgurum á íslenskum vinnumarkaði á síðustu tveimur árum eins og sjá má af mynd 1. Hlutfallið hélt nokkuð stöðugt frá árinu 2001 og allt til 2004 eða um 4% en verulegt stökk upp á við hefur átt sér stað síðustu tvö árin. Árið 2005 voru erlendir ríkisborgarar um 5,5% vinnuafslins og að öllum líkindum hefur samsvarandi tala verið rúmlega 7% árið 2006. Stór hluti þessa hóps kemur frá nýjum aðildarríkjum ESB í kjölfar opunar íslenska vinnumarkaðarins. Á hinum Norðurlöndunum hefur þróunin verið svipuð. Þannig var hlutfall erlendra ríkisborgara þar á bilinu 2% til 5% árin 2001 - 2004 en fór að hækka lítilliga árin 2005 og 2006. Þrátt fyrir að hlutfallið hafi hækkað á öllum Norðurlöndunum sker Ísland sig úr og er nú með hæsta hlutfall erlendra ríkisborgara á

vinnumarkaði. Í Svíþjóð sem lengstum var með hæsta hlutfall erlendra ríkisborgara á vinnumarkaði er hlutfallið til að mynda milli 5% og 6%.

Mikil framleiðsluspenna hefur einkennt íslenska hagkerfið á síðustu árum og hefur atvinnuleysi verið með því allra minnsta sem þekkt á Norðurlöndunum. Í kjölfar mikillar framleiðsluspennu jókst verðbólga töluvert og hefur hún verið yfir verðbólgu markmiði Seðlabanka Íslands um nokkura ára skeið. Óhætt er að segja að íslenskur vinnumarkaður hafi því opnast á heppilegum tíma fyrir útlendu vinnuafli með hliðsjón af þeirri þenslu sem verið hefur í hagkerfinu og hefur framlag útlendinga líklega leitt til lægri verðbólgu en annars væri. Erlent vinnuafli hefur aukið framleiðslugetu hagkerfisins í þenslu síðustu ára og dregið úr verðbólguþrýstingi. Ýmsir jákvæðir þættir hafa fylgt aukningu erlends vinnuafis síðustu árin en nokkuð hefur borið á áhyggjum vegna þróunarinnar. Meðal annars hafa menn haft áhyggjur af því að erlent vinnuafli auki atvinnuleysi, minnki atvinnuþátttöku og lækki laun heimamanna. Erfitt er að fullyrða um þessa þætti en mögulegt er að aukinn innflutningur á erlendu vinnuafli geti haft áhrif á ákveðnar starfsstéttir til skamms tíma.

NÝ TÍMABUNDIN ATVINNULEYFI 2005 TIL 1. MAÍ 2006 EFTIR ATVINNUGREINUM

MYND 2



Heimild: Hagstofa Íslands

Eins og áður sagði voru hömlur á för launafólks frá átta nýjum aðildaríkjum ESB að mestu afnumdar þann 1. maí 2006 og þurfa einstaklingar frá þessum ríkjum því ekki lengur atvinnuleysi til þess að starfa á íslenskum vinnumarkaði. Ef skoðuð eru ný tímabundin atvinnuleysi fyrir þann tíma, eða frá árinu 2005 til 1. maí 2006, má sjá að stærstur hluti atvinnuleyfa var gefinn út vegna vinnu í byggingariðnaði sem þarf vart að koma á óvart enda hefur mikill uppgangur einkennt byggingariðnaðinn á síðustu árum. Verkaþéttir var í meirihluta þeirra sem sótti um atvinnuleysi eða í kringum 45% og iðnaðarmenn um 23%. Þá voru það karlmenn í rúmlega 70-75% tilvika sem sóttu um atvinnuleysi á þessu tímabili en stærsti hluti þeirra, um 70%, vinnur við byggingariðnað á sama tíma og stærsti hluti kvenna sem hér sótti um atvinnuleysi vinnur við fiskvinnslu og þjónustu. Ef búsetuþróun innflytjenda er skoðuð má sjá að stærsti hlutinn starfar á Austurlandi og á höfuðborgarsvæðinu enda hefur umframeftirspurn vinnuafis á síðustu árum einkennt þau svæði. Af þessu má ráða að erlent vinnuafli hefur líklega haft mest áhrif á starfsstéttir tengdar byggingariðnaði og ýmissi þjónustustarfsemi. Erfitt er á hinn bóginn að segja með nokkurri vissu hvernig raunlaun í þessum greinum hefðu þróast án aukins innflutnings vinnuafis enda ljóst að verðbólga hefði líklega aukist talsvert án tilkomu þess. Hafa verður í huga að stór hluti þessa fólks mun að öllum líkindum flytjast á brott frá landinu þegar draga fer úr þenslu í hagkerfinu og jafnvægi myndast á vinnumarkaði að nýju. Áhrif á einstakar starfsstéttir munu því líklega aðeins vara til skamms tíma.

## Skattar og styrkveitingar úr sjóðum stéttarfélaganna

Aðild að stéttarfélagum er mikil hér á landi eða rúmlega 90% ef miðað er við nýjustu tölur frá Hagstofu Íslands frá árinu 2004. Meirihluti fólks á vinnumarkaðnum á því rétt á styrkjum úr sjóðum stéttarfélaganna og er úthlutað eftir ákveðnum reglum sem sjóðirnir setja. Sjóðir stéttarfélaganna eru meðal annars styrktar- og sjúkrasjóðir sem veita félagsmönnum

fjárhagsaðstoð þegar veikindi eða slyss bera að garði og eins til að efla þá í forvörnum sem snerta heilsufar og öryggi. Einnig geta félagsmenn leitað í starfsmenntunarsjóði sem veita þeim fjárstuðning vegna kostnaðar við nám.

Í upphafi síðasta árs var í mörgum sjóðum tekin staðgreiðsla skatta af öllum styrkjum að undanskildum útfararstyrkjum og starfsmenntunarstyrkjum þar sem Skattstjórinn í Reykjavík hugðist leggja álag á vangreidda staðgreiðslu af styrkjum úr sjóðum stéttarféлага. Ástæðan fyrir því að Skattstjórinn vildi koma á staðgreiðslu skatta af styrkjum er meðal annars sú að styrkþegar voru mjög ósáttir við að greiða skatta af styrkjunum við álagningu ár hvert. Innheimta á álagi er þó ekki enn komin til framkvæmda og þar af leiðandi eru ekki allir sjóðir byrjaðir að taka staðgreiðslu af styrkjum.

Hægt er að telja fram kostnað á móti styrkjum í sumum tilfellum og kemur það til frádráttar við álagningu skatta. Sambandið á milli tekna og gjalda þarf þó að vera skýrt afmarkað til að hægt sé að draga gjöldin frá tekjunum og hefur einstökum málum verið vísað til yfirsattanefndar þegar um vafaatriði hefur verið að ræða. Skilyrði til frádráttar felst í því að kostnaðurinn þarf að tengjast styrknum beint, annars er litið svo á að hann sé persónulegs eðlis. Hins vegar er hægt skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 90/2003 að lækka tekjuskattsstofn ef gjaldþol einstaklings er verulega skert vegna ellihrörleika, veikinda, slyss eða andláts. Með því er átt við að einstaklingurinn hefur orðið fyrir verulegum kostnaði umfram bætur og styrki sem hann hefur fengið.

Öðru máli gegnir um styrki vegna líkamsræktar, sjúkraþjálfunar, krabbameinsskoðunar, tannviðgerða, heilsufarstryggingar, gleraugnakaupa og hjálpartækja. Þá styrki ber að telja fram sem skattskyldar tekjur en ekki er hægt að færa til frádráttar kostnað við öflun þeirra þar sem talið er að um persónulegan kostnað sé að ræða. Hann hefði fallið til hvort sem styrkur hefði verið veittur eður ei.

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 483/1994 er fyrirtækjum heimilað að telja allan kostnað vegna fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu og almennrar heilsubótaraðstöðu til rekstrarkostnaðar. Með heilsubótaraðstöðu er meðal annars átt við að fyrirtæki getur verið með aðstöðu til líkamsræktar á vinnustað og starfsmenn fengið afnot af henni án þess að telja það til skattskyldra hlunninda. Eins og greint var frá að framan þá þurfa starfsmenn á hinn bóginn að greiða skatt ef þeir fá styrki til líkamsræktar. Þannig getur launafólk staðið frammi fyrir mismunandi kjörum eins og hér hefur til að mynda verið sýnt fram á þegar aðstaða og styrkir til líkamsræktar eru annars vegar.